

Arnórsstaðir á Jökuldal

Greinargerð með frumniðurstöðum vettvangsrannsóknar

Unnin þann 11.09.2020 fyrir Vegagerðina

Vettvangsrannsókn á Arnórsstöðum hófst þann 24. ágúst 2020. Markmiðið með rannsókninni var að meta umfang og ástand fornleifa í og við fyrirhugaða veglínu sem liggur um heimatún Arnórsstaða. Rannsóknaráætlun byggði á mótvægiskröfum Minjastofnunar Íslands sbr. bréf frá minjavörð dagsettu 22.06.2020 (MÍ2020005-0124/6.10/p.E.H) en frekari útfærsla skurða var gerð á vettvangi í samvinnu við Minjavörð Austurlands. Við rannsóknina voru grafnir fimm skurðir sem voru samtals 94.5 m að lengd. Skurðirnir voru grafnir þar sem fornleifa var að vænta (samkvæmt fornleifaskráningu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands ses. Kristborg Þórsdóttir, 2020. *Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða*. FS778-19431.) og í næsta nágrenni þeirra, samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands. Jarðfræðingur mætti á staðinn til að kanna gjóskulög með það að markmiði að aldursgreina minjarnar. Niðurstöður hans liggja ekki fyrir en eru væntanlegar.

Grafið var niður að fornminjum með gröfu en frekari mokstur og hreinsun fór fram með handafli. Farið var í gegnum áfok og byggingahrún á stöku stað svo betur mætti ákvarða dýpt mannvistar. Ekki var þó grafið í gegnum vegg eða gólfög en smáar könnunarholur voru grafnar innan skurðanna sjálfra til að kanna dýpt jarðlaga. Snið skurðanna voru teiknuð auk þess sem flatarteikningar voru gerðar þar sem við átti.

Fimm könnunarskurðir voru sem fyrr segir grafnir. Þrír þeirra voru staðsettir við mögulegar tóftir (119:028 lambhús, 119:017 hesthús, 119:027 þúst) en tveir skurðir voru grafnir við bæjarhólinn (119:001).

Engir gripir fundust við rannsóknina fyrir utan nútíma sorp og byggingarefni.

Skurður 1

Stærð 0,9m x 17m

119:017 hesthús

Fornminjar sáust í öllum skurðinum. Í sniði sást grjóthlaðin tóft sem hafði verið fyllt af rusli (á 9. áratug 20. aldar) og svo felld saman. Eldri mannvirki voru einnig greinanleg og sáust sem þrjár torfhleðslur sem tilheyrðu mismunandi byggingaskeiðum. Mögulega er um viðgerðir eða endurgerðir á sömu byggingunni að ræða en ekki er mögulegt að segja til um það út frá sniðum. Þar sem ekki liggja fyrir niðurstöður úr gjóskugreiningu er ekki hægt að segja til um nákvæman aldur en með þeim fyrirvara er talið líklegt að byggingarnar séu reistar eftir 15. öld. Mikið rask hefur þannig nýlega átt sér stað á þessu svæði en jarðlög og gjóskur benda til að þarna hafi verið hús, líklega skepnuhús í gegnum aldirnar jafnvel allt frá miðöldum. Miklar líkur á fornminjum til allra átta frá skurðinum.

Skurður 2

Stærð 0,9m x 25m

119:028 lambhús

Fornminjar var að finna í austurhluta skurðar. Í sniðum og fleti fundust torfhleðslur og mannvistarlæg þeim tengd. Um að minnsta kosti tvö byggingastig er að ræða og virðast þau bæði vera frá því fyrir 13. öld. Torfhleðslur eru með landnámssyrpu í torfi en einnig komu í ljós góflög með viðarkolum auk ruslslag með mó- og viðarösku. Ekki sást ummerki um lambhúsið eða önnur yngri mannvirki í skurðinum. Þess ber að geta að nákvæm staðsetning skurðarins réðst af þekktum heimilissorpgrýfjum frá 20. öld sem staðkunnugir vissu af og var því ákveðið að sneiða hjá þeim. Það er því ekki útilokað að leifar lambhússins eða annarra minja sé að finna milli gryfjanna. Miklar líkur eru á minjum út frá austurhelmingi skurðarins en þær fara minnkandi til vesturs.

Skurður 3

Stærð 0,9m x 26m

119:001 bæjarhóll

Í sniðum sást mikið rask og virðist sem ýtt hafi verið ofan af bæjarhólnum og möl lögð í staðinn. Litlar minjar voru norðan miðju í skurðinum og virðist sem þar sé komið að endamörkum bæjarhólsins á þeim stað. Þær minjar sem sást voru í sunnanverðum skurðinum. Auk nútíma lagna- og húsgrunnsskurða var að finna torfhleðslur og mannvistarlæg þeim tengd bæði í sniðum og fleti. Gjósku með landnámssyrpu var að sjá í torfinu en að minnsta kosti þrjú byggingastig af torfveggjum voru greinanleg í sniði. Þarna er því um að ræða hefðbundinn bæjarhól þar sem bæði er að finna nútímahúsaleifar og mun eldri byggingar sem ná allt frá fyrstu tíð. Ekki er gott að ráð í hlutverk og eðli þeirra elstu af sniðum. Miklar líkur á að minjar séu til vesturs og austurs frá skurðinum.

Skurður 4

Stærð 0,9m x 25m

119:001 bæjarhóll

Fornminjar var að sjá í nær öllum skurðinum en þær þéttust eftir því sem nær dró bæjarhólnum (til austurs). Auk nútíma veglagningar, lagna- og húsgrunnsskurða var að finna torfhleðslur og mannvistarlæg þeim tengd bæði í sniðum og fleti. Þessar minjar hafa orðið fyrir miklu raski vegna síðari tíma viðbygginga og lagnaskurða og ekki hægt að segja nánar frá eðli eða umfangi fyrr en úrvinnslu er lokið. Ljóst er þó að minja er að vænta lengra til suðurs og austurs út frá skurðinum.

Skurður 5

Stærð 0,9m x 1,5m

119:027 þúst

Í skurði sást mikill uppmokstur og er ljóst að um aðfluttan jarðveg er að ræða, líklega úr bæjarhólnum. Þústin reyndist vera nýleg og var vélarampur skv. Stefáni Ólasyni sem var gröfumaður verkefnisins og þekkir vel til staðarins. Rampurinn hefur verið gerður með því að moka upp jarðvegi en í sniði hans sást mikið raskaður jarðvegur með viðarkolum og torfsneplum auk allskyns brotajárns, plasts, glers og grjóts.

Arnórsstaðir á Jökuldal

Staðsetning könnunarskurða

